



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárn
1. janúar 1971

Góðir Íslendingar.

Nýtt ár gengur í garð og landsins börn bjóða hvert öðru gleðilegt nýjár og þakka fyrir árið sem leið. Svo var það löngum og svo er það enn. Áramót eru tími reikningsskila, og á nýjárstag verður það mörgum manni, bæði sjálfrátt og ósjálfrátt að horfa yfir farinn veg og gera eins konar úttekt á lífi sínu, en skyggkast jafnframt fram á leið, gera áætlun, jafnvel heitstrengingu. Mennt spyrja hvað úrskaiðis hafi farið á liðna árinu, bæði persónulega og í þjóðlífinu, og hugsa sér gjarnan úr að bæta, vanda sitt ráð. Það gera menn einnig við marga aðra áfanga á lífsbrautinni, en þó almennast og af mestum næmleik á nýjárstag, og það setur svinn svip á daginn. Að baki er árið með gleði og sorg, sigur og ósigur, að baki eru jólin, forn hátíð með frið, hvíld og helgi fyrir suma, en annríki, þreytu og glaum fyrir aðra. Að baki er gamlárskvöld með flugelda, álfabrennur og klukknahtingingar og svo er skyndilega eins og bylur hafi dottið af húsi. Nýjárstagur er oft dagur sérkennilegrar kyrrðar. Gleðilegt nýjár, segja menn, og þökk fyrir gamla árið. Og til þess kem ég fram fyrir yður, samkvæmt gömlum landsins vana, að segja við yður þessi einföldu gamalkunnu orð.

„Svo rís um aldir árið hvert um sig, eilífðar lítið blóm í skini hreinu,“ kvað Jónas Hallgrímsson á nýjárstag 1845 í einu dásamlegasta kvæði sínu, og er þá mikið sagt. „Mér er það svo sem ekki neitt í neinu,“ segir hann enn, sjúkur og einmana maður með banagrunn í brjósti. Samt er það heiðríkjan, sem er einkunn þessa kvæðis, skáldið heitir sjálfum sér því, að hann skuli, hvað sem að höndum ber, varðveita það sem dýrast er, sál hans sjálfs. Nú þótt vér mælum ekki máli guða, eins og skáldið gerði, þá held ég að hverjum Íslendingi væri styrkur og hugbót að lesa þetta kvæði og hugleiða með sjálfum sér á fyrsta degi hins nýja árs.

Ár eru misjöfn, og veltur á ýmsu, með hve mikilli gleði þjóðin heilsar nýju ári. Vér minnumst þess, að í fyrri bar þann skugga á áramótahelgina, að atvinnuleysi lét meira á sér bera en verið hafði um langt skeið, og þetta olli fjölda manna og heilum byggðarlögum miklum vanda. Þá leituðu margir sér atvinnu erlendis, og þó flestir með það í huga, að dveljast þar um stundar sakir, þar til aftur blési betur hér heima, en nokkrir til að flytjast búferlum í fjarlæg lönd og búa sér og sínum framtíð þar. Mennt töluðu um landflóttu, og gengu jafnvel svo langt úr hófi fram að jafna til Ameríkuferða á fyrri öld. Það er hart að þurfa að fara af landi brott sér til lífsbjargar, en bót var í máli, að því er virðast mátti, að talað var um vildiskjör, sem menn ættu kost á með öðrum þjóðum, þótt víst kæmi stundum á daginn, að fyrst er allt frægast.

Á þessum nýjárstagi er svo fyrir að þakka, að menn virðast vera á einu máli um, að nú sé bjartara yfir en um tvinn síðustu áramót. Hagur atvinnuvega og

Þjóðarbús hefur farið batnandi, og menn eru í léttara skapi. Orðið landflótti heyrir nú ekki, og lítil brögð munu vera að því að íslenskir menn taki sig upp með fjölskyldur sínar til áhættusams landnáms í fjarlægum heimsálfum. Fagnaðarefni er það, því að Ísland má ekki við slíkum mannamissi. Ég hef ekki tölur, sem fulltreysta má, en ég vona að það sé rétt skilið, að ýmsir þeir, sem leituðu sér atvinnu erlendis um stundar sakir, hafi nú aftur horfið heim og geti framfleytt sér og sínum í heimahögum. Því að sú mun vera von og vilji flestra, sem utan fara, enda stendur það enn í góðu gildi, sem Fjölismenn skrifuðu í inngangsorðum Fjölneis 1835: Því fleiri lönd sem vér sjáum, því ákafar gimumst vér aftur til Íslands. Það mætti vera ein af nýjársóskunum á þessum degi, að sem flestir Íslendingar, sem þess sinnis eru, geti látið eftir þeirri löngun sinni með óskertan hlut.

Sú ósk beinir huganum að því sem enginn kemst hjá að láta sig varða, hvernig vér Íslendingar séum á vegi staddir um daglega afkomu og þjóðfélagslega aðstöðu þegnanna. Þess sjást nú ýmis merki, að allur þorri manna býr við rýmri hag en verið hefur um sinn, hefur meira handa í milli, getur veitt sér fleiri lífsins gæði. Það er reyndar býsna erfitt eða nær ógermingur að verða sér úti um tölulegar staðreyndir um raunveruleg lífskjör manna hér á landi í samanburði við það sem gerist með grannþjóðum vorum, sem að þessu leyti eru meðal hinna fremstu í heimi. En þó að rökstuddar tölur vanti, er það almenn skoðun, að lítið eða ekki skorti á að vér höldum til jafns við granna vora í þessu efni, og má þó satt vera, að enn kosti það oss lengri vinnudag og harðari önn að halda í þessu horfi. Í eyrum nútímamanna kveður oft við orð, sem ekki heyrðist til skamms tíma, velferðarríki. Ef að líkum lætur hefði Jónasi Hallgrímssyni ekki þótt þetta sem haglegast orð á íslenska tungu, hann hefði ef til vill talað um hagsældarríki eða jafnvel farsældarríki. En hverju nafni sem vér nefnum það, þá er það þess háttar samfélag, sem vér keppum að, og viðurkennum það bæði í orði og viðleitni. Sem mest hagsæld og hamingja fyrir sem flesta. Því játa allir að þjóðfélagið megi engan mann bera út á hjarn, heldur skuli það af vakandi huga leitast við að búa hverju mannsbarni fyllsta færi til starfs og þroska og hamingjuvænlegs lífs. Þetta er mannréttindaskrá, þótt óskráð sé, og allar aðgerðir samfélagsins skyldu vera í samræmi við hana.

Þessi hugsjón er jafngóð og gild sem viðmiðun þrátt fyrir það að alfullkomið farsældarríki er að vísu ekki enn til né mun heldur nokkru sinni verða. Hinn gamli Adam, sem í mönnunum er, mun sjá til þess. En una má við ef rétt stefnir og áfram að því marki að búa öllum þegnum þjóðfélagsins sem réttlátastan hlut og efla svo hagsæld með hamingju sem efni standa frekast til. En um þetta munu skoðanir löngum verða að sama skapi skiptar og þær eru samhljóða um markið, sem að skal stefnt. Og það væri barnalegt að biðjast undan slíkum skoðanaskiptum. Umræða er óhjákvæmileg og umræðu er þörf um alla sambylíshætti þeirra sem saman eiga að vera. Oss Íslendingum er það hollt og skylt, eins og öllum öðrum, að hafa með því vakandi auka, hvar vér erum á vegi staddir. Þó að allir sjái og viðurkenni, að þjóð vorri hefur skilað áfram með undraverðum hraða á síðustu áratugum og efnahagsleg afkoma landsmanna er nú svipuð því sem er í hinum meiri háttar velferðarríkjum, mun ekki þar fyrir skorta umræðuefni á vettvangi þjóðfélagsmála í víðasta skilningi á þessu og komandi árum. Margt bendir miklu heldur til þess, að í hönd fari tími meiri könnunar og umræðu um alla þætti velferðarríkisins. Þjóðfélagsrýni lætur þegar mikið til sín taka, og hún mun áreiðanlega færast í aukana, og það ekkert síður fyrir því þótt allir hafi nóg að bíta og brenna, svo að notað sé orðtak frá frumbúskaparöldum. Sú lágmarkskrafa til lífsins er fyrir löngu orðin söguleg minning ein.

Engu að síður er það þó og verður frumskilyrði alls annars að hafa nóg til hnífs og skeiðar. Og því er þá ekki að leyna, að mitt í sæmilegu veraldargengi vorra tíma ber talsvert á óróleika, svo að ekki sé sagt kvíða, að því er varðar þessi frumskilyrði. Mönnum er spurn, og jafnvel til efs, hvort grundvöllurinn, sem afkoma þjóðarinnar byggist á, sé nógu traustur, hvort vér munum fá haldið því sem vér höfum og þar við aukið. Slíkt á sjálfsagt sínar eðlilegu orsakir. Íslendingar hafa það á tilfinningunni, að teflt sé á tæpt vað um margt það sem þjóðin vill og ætlar sér, liðfá og fjármagnslítill í hörðu landi, og engum dylst að stundum hefur verið veltingur á skútunni á vorri öld. En hér á móti kemur það gleðilega tímanna tákn, að íslenska þjóðin hefur líklega aldrei verið jafnvakandi fyrir því og einmitt nú, að efla og nýta þá lífsbjargarmöguleika, sem hún hefur yfir að ráða í landi sínu. Þjóð sem hefur stundað landbúnað frá upphafi vega sinna, gerir sér nú ljóst, að hún getur ræktað fleira en gras, kýr og kindur, þjóð sem hefur dregið fisk úr sjó frá alda öðli, er nú sem óðast að átta sig á, að auðsuppsprettur sjávar eru fleiri en hún hugði til skamms tíma og verða hagnýttar á fleiri og betri vegu, þjóð sem löngum var því vönust að líta á útlendinga eins og sjaldséða furðufugla, vill nú greiða götu þeirra sem flestra hingað til landsins, þeim til ánægju og landinu til hagsbótar, og síðast en ekki síst, þjóð sem stóð ógn af fallvötnum og taldi jarðhita til landspjalla, veit nú að þarna á hún orkulindir, sem ekki þrýtur og veitt geta þúsundum manna skilyrði til lífs og starfs í landinu. Vitaskuld er ekki svo að skilja, að augu manna hafi skyndilega lokist upp fyrir þessu öllu, en umræður um það hafa aldrei verið líflegri en nú, menn leita fyrir sér með opnari huga og skyggnari á úrræði en nokkru sinni fyrr. Hér á það hlut að máli, að sífellt koma til starfa fleiri og fleiri menn, sem hlotið hafa vísindalega menntun, menn með réttmæta trú á beitingu tækni og vísinda í þágu atvinnuveganna. Það mætti vera önnur nýjársósk á þessum degi, að gott framhald yrði á almennum umræðum um þessi mál, sem varða sjálfan lífsgrundvöll þjóðarinnar, og að þær mættu bera mikinn og skjótan árangur í athöfn og framtaki.

Sú verður þó umræðan forvitnilegust, sem vikur að þjóðfélaginu sjálfu, hvernig það er gert og hvernig það vinnur. Í þeirri umræðu einkum hin fjölmenna unga kynslóð láta mikið að sér kveða. Ég nefndi áðan orðið þjóðfélagsrýni. Það er einkenni á þeirri tíð sem vér lifum, að ungt fólk vill ganga fram fyrir skjöldu og hafa forustu um könnun og mat á ýmsum fyrirbærum þjóðfélagsins, taka það hispurslaust til athugunar, ræða og reifa og gagnrýna, meðal annars sitt af hverju, sem hingað til hefur verið talið gott og gilt, jafnvel í velferðarríki. Ungt fólk vill meta að nýju raunverulegt gildi hlutanna, óblindað af vanabundinni hugsun, hafa á sér vara, þangað til rannsókn hefur farið fram. Hér mun vera úr mörgu að móða, og ekki nema gleðilegt lífsmark, að menn taki sem flesta þætti samfélagsins til prófunar, hefji umræður um þjóðfélagsmál, ekki aðeins stjórnsmál, heldur um þjóðfélagsmál á sem breiðustum grundvelli. Og það fer vel á því, að æskan, sem áður en hún sjálf veit mun finna heill og forráð þessa lands hvíla á herðum sér, láti mikið til sín taka. Þetta þjóðfélag er arfur sem hún tekur við, og henni er frjálst að spyrja, hve mikill hann sé og hve góður hann sé, hvort velferðarríkið sé það sem það þó vill vera, hvernig því tekst að færa sem flestum hamingju með hagsæld. Því verður að trúa að frjáls og skynsamleg umræða og endurskoðun ýmissa félagslegra sambúðarháttá, stofnana þjóðfélagsins, veraldlegra og andlegra, jafnvel siða og umgengnishátta ýmiss konar, eigi á sér fullan rétt og geti leitt til lagfæringa og breytinga, sem horfa til meiri farsældar, meiri lífsfyllingar, fyrir einstaka menn og

stærri heildir, sem Þjóðfélagið hefur ef til vill ekki enn komið til móts við, svo sem þó væri skyldugt samkvæmt markmiði farsældarríkisins.

Enginn þarf að ganga að því gruflandi, að í þeirri Þjóðfélagsrýni, sem einkum ungt fólk mun eiga mikinn þátt í á komandi tíð, mun sitthvað verða vegið og léttvægt fundið, sem vér eigum nú við að búa. Ungt fólk hefur víst aldrei verið fjær því en á vorum dögum að kalla allt ömmu sína. Íslensk æska er þar engin undantekning, og síst ástæða til að harma það. Hitt má minna á, að það er engin frægð, hvorki fyrir ungan né gamlan, að reyna að komast sem neyðarlegast að orði um það mannfélag, sem vér Íslendingar búum við. Sá sem eitthvað vill vega eða mæla, hann gái sem grandgæfilegast að stiku sinni og vog. Heilbrigt verðmætaskyn er forsenda þess, að Þjóðfélagsrýni verði ekki einhliða neikvæð. Ef ungt fólk á Íslandi hugsar sig um, mun það skilja, að það hefur hlotið dýrmætan arf, bæði fornan og nýjan. Hinn forni arfur er menningararfleifð vor frá öllum öldum, grunnur sem vér munum ætíð byggja Þjóðmenningu vora á, hver kynslóð með sínum hætti, hinn nýi er allt það sem gert hefur verið á síðustu árum til þess að búa í haginn fyrir þá sem landið eiga að erfa. Það má ekki vanmeta, að vér lifum í mennskara Þjóðfélagi en flestir aðrir, þrátt fyrir ýmsan ófullkomleik, vér búum við meiri jöfnuð, minni stéttaskiptingu og manngreinarálit. Þessar eigindir íslensks mannlífs má ekki láta sér sjást yfir, ekki heldur hitt, að vér erum blessunarlega laus við sitthvað óskemmtilegt, sem þegnar stórbjóða verða að setta sig við. Þær geta boðið margt betra og fullkomnara, en þar á móti koma kostir fámennisþjóðfélagsins, sem vissulega eru margir, þótt annmarkar þess liggi í augum uppi.

Á vorum dögum er víða um heim talað um uppreisn æskunnar. Ég hef lítillaga vikið að þessu fyrirbæri hér, en þó vildi ég heldur kjósa að kalla það uppgjör æskunnar, eins og það kemur fyrir sjónir hér á landi. Þegar nú ungir menn halda áfram umræðum sínum um málefni lands og þjóðar í nútíð og framtíð, þá óska ég þeim þess öðru fremur að þeir geri það með jákvæðum huga, geri sér grein fyrir því sem gott er og nýtilegt af því sem þeim hefur verið í hendur fengið, um leið og þeir gagnrýna og koma á framfæri nýjum hugmyndum, sem kunna að bera í sér frjókorn meira réttlætis og hamingjuvænlegra lífs á ýmsum sviðum nægtasamfélagsins. Ungir menn hafa miklar skyldur við samfélag sitt engu síður en þeir sem hitinn og þunginn hvílir á um sinn. Allir vilja landi sínu og þjóð vel, hver eftir sínum skilningi, og öll orðaskipti um Þjóðfélagsmál ættu að einkennast af þeirri vissu, þrátt fyrir allan skoðanaágreiðing, en að vísu skortir allmikið á að svo sé í opinberum umræðum oft og tíðum.

Áður en ég lýk máli mínu í dag vil ég minnast þeirra mörgu samferðamanna, sem með oss fögnuðu nýju ári í fyrra, en nú hafa horfið úr hópi vorum, sumir að loknu dagsverki eins og lífsins lögmál segir fyrir um, aðrir fyrir aldur fram, meðal annars vegna slysfara, sem voru óvenjulega miklar á árinu og öll þjóðin harmar. Þá vil ég ekki heldur láta hjá líða að þakka þjóðinni alla vinsemd í garð okkar hjónanna. Það hafði verið ætlun okkar að fara í kynnisför um einn fjórðung landsins eins og í fyrra. Það fórst fyrir vegna sviplegs andláts forsætisráðherra, eins og alþjóð er í fersku minni. En aftur verður sá þráður upp tekinn. Með þakklæti til dönsku konungshjónanna og ríkisstjórnar Danmerkur vil ég minnast heimsóknar okkar þar í landi í haust er leið. Sú vinsemd sem okkur var hvarvetna sýnd var vinarkveðja til íslensku þjóðarinnar, og hefur verið rétt skilin svo. Það er styrkur og uppörvun að búa við gott nágrenni, og vináttu við grannþjóðir vorar er ljúft og skylt

að rækja, meðal annars með heimsóknnum opinberra fulltrúa, eftir því sem efni standa til og gott hóf er á.

Góðir landsmenn. Ég vitnaði fyrir í 125 ára gamalt kvæði Jónasar. Svo rís um aldir árið hvert um sig, eilífðar lítið blóm. Mætti hið hreina skin, sem skáldið talar um, lýsa þjóð vorri á nýbyrjuðu ári. Ég óska yður öllum árs og friðar og að blessun fylgi allri góðri viðleitni í orðum og athöfn. Gleðilegt nýjár.